

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, þriðjudagur, 7. júní 2022
Tilvísun: 2022010098/33

Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur, 16. mál.

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. maí sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur, 16. mál. Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barna- og fjölskyldustofa fagnar því að með tillögunni sé stefnt að því að efla rannsókn og málsmeðferð kynferðisbrota og auka stuðning við þolendur. Telur stofan jákvætt að með ályktuninni sé leitast við að grípa til markvissra aðgerða í því skyni að réttarvörslukerfið endurspegli þá vitundarvakningu sem orðið hefur síðastliðin ár í málaflokknum.

Telur Barna- og fjölskyldustofa þó tilefni til þess að leiðrétta og ávarpa ákveðna þætti tillögunnar er varða stuðning við þolendur á aldrinum 14-18 ára. Þá ber fyrst að nefna að fram að 15 ára aldri gefa börn skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi, sbr. 9. og 1. mgr. 59. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Börn á aldrinum 15-18 ára gefa hins vegar alla jafna skýrslu hjá lögreglu og aftur fyrir dómi. Að mati stofunnar væri eðlilegt að ekki yrði gerður greinarmunur á börnum að þessu leyti og að öll börn fengju sama tækifæri til þess að tjá sig á barnvænlegan hátt. Telja verður að það sé alltaf barni fyrir bestu að gefa skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi í Barnahúsi fremur en að þurfa að greina frá atburðum hjá lögreglu og mæta svo að nýju fyrir dóm til þess að bera vitni. Í sumum tilfellum getur barn jafnvel hafa gefið skýrslu í Barnahúsi á rannsóknarstigi en þarf svo að mæta að nýju fyrir dóm einungis vegna þess að 15 ára aldri var náð í millitíðinni. Núverandi lagaumhverfi býður ekki upp á að horfið sé frá þessari framkvæmd, en að mati stofunnar yrði lagabreyting í þá átt að öll börn upp að 18 ára aldri gefi skýrslu í Barnahúsi jákvætt skref og í samræmi við þær alþjóðaskuldbindingar sem íslenska ríkið hefur undirgengist.

Bendir Barna- og fjölskyldustofa einnig á að þar sem aldurshópurinn 15-18 ára fer ekki í skýrslutöku í Barnahúsi hefur oft á tíðum skort á að málum sé fylgt nægilega vel eftir og börnin fái í kjölfarið meðferð í Barnahúsi, en sú þjónusta stendur öllum börnum 18 ára og yngri til boða. Börn ættu því ekki að þurfa að sækja slíka þjónustu til frjálsra félagasamtaka í ljósi þess að öll börn eiga rétt á þeirri sértæku þjónustu sem Barnahús veitir. Þjónusta Barnahúss er best til þess fallin að veita börnum í þesari stöðu þjónustu út frá þeirra þörfum. Leggur stofan í þessu sambandi áherslu á mikilvægi þess að meðferð barna byggist ávallt á gagnreyndum aðferðum. Meðferð í Barnahúsi er byggð á áfallamiðaðri hugrænni atferlismeðferð sem viðurkennd er af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (e. World health organization, WHO).

Í tillögunni er einnig fjallað um lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 sem tóku gildi þann 1. janúar sl. og breytingar á barnaverndarlögum, sbr, lög nr. 107/2021. Fram kemur að óvíst sé hvort og þá hvaða áhrif þessar lagabreytingar muni hafa á aðgengi barna að þjónustu og lagt til að aðgerðaráætlun taki mið af því hvernig breytingarnar muni koma til með að þjóna hagsmunum brotaþola.

Markmið laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er að börn fái samþætta þjónustu við hæfi án hindrana. Að mati Barna- og fjölskyldustofu gæti sú löggjöf einmitt verið mikilvægur hlekkur í því að styðja betur við hagsmuni barna sem brotaþola. Samkvæmt lögnum skal hvert barn hafa aðgang að tengilið í nærumhverfi sínu sem hefur hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Hlutverk hans er m.a. að veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns, aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns og skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu. Þannig gæti tengiliður t.d. gætt að því að barn fái þjónustu í Barnahúsi þrátt fyrir að skýrslutaka hafi ekki farið þar fram, þ.e. í málum barna 15-18 ára, en líkt og rakið er hér að framan hefur á tíðum skort á að þeim málum sé nægilega vel fylgt eftir og börn fái þá meðferð sem þau þarfnast. Þá gæti tengiliður einnig fylgt eftir máli barns sem fengið hefur fulla þjónustu í Barnahúsi, fylgst með líðan þess og leitast þannig við að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í meðferð og/eða gripið inn í ef vísbendingar vakna um frekar þörf á þjónustu. Er það því trú stofunnar að umræddar lagabreytingar geti að þessu leyti stutt við aðgengi barna að þjónustu og haft jákvæð áhrif á eftirfylgni mála.

Barna- og fjölskyldustofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Barna- og fjölskyldustofu

Hafdís Una Guðnýjardóttir

